



263. Stjórnarfundur haldinn 16. febrúar 2006 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón, og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá ungmennaráði UMFÍ um boð að kynna tækifæri fyrir ungt fólk í starfi UMFÍ.
Bréf frá Alþingi v/ umsagnar á æskulýðslögum.

Bréf frá Þóru Gunnarsdóttur formanni taekwondóeildar þar sem óskað er eftir öðrum sal til að stunda æfingar. Deildinni hefur boðist styrkur til kaupa á dýnum.

Framkvæmdastjóra falið að ræða við Stefán Bjarkason og í framhaldi að senda MÍT erindi vegna málsins.

3. Send bréf.

Boðsbréf send út vegna aðalfundar.

Bréf til Keflavíkurútibús L.Í. v/ yfirdráttar körfuknattleiksdeildar.

Bréf til RSK fyrirtækjaskrá v/ breytingar á heimilisfangi barna- og unglíngaráðs knattspyrnudeildar.

4. Aðalfundur félagsins.

Aðalfundur félagsins verður mánudaginn 27. febrúar 2006 í félagsheimili félagsins að Hringbraut 108 kl. 20:00. Farið yfir dagskrá fundarins, Skýrslu stjórnar og reikninga. Stjórnin áritaði reikning félagsins.

6. Önnur mál.

Einar H. sagði frá námskeiðum sem eru á vegum ÍRB, ÍSÍ, RNB og lögreglunar í Keflavík.

Einar H. sagði frá því að hann var skipaður í ritstjórn Skinfaxes á síðasta fundi UMFÍ. Ákveðið að veita 25% afslátt af lóðarleigu á Heiðarenda 4, 6 og 8 og er það gert til að vera samstíga Reykjanesbæ.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:40.

